

S A M Þ Y K K T**68**

6. júlí

um

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf á Heimalandi í sumar frá því 11 vikur af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gert samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1932.

Þorsteinn Briem.

Vigfús Einarsson.

R E G L U G E R Þ**69**

13. júlí

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Þingeyrarkauptúni.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verkswið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaupúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, Slökkviliðsstjóri og einn maður sem hreppsnefndin kys til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verkswið hreppstjóra eða slökkviliðsstjóra.